


Ársskýrsla 2016



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN



Ríkislögreglustjórinn

Ársskýrsla 2016 Starfsemi og rekstur

Útgefandi: Ríkislögreglustjórinn

www.logreglan.is

www.almannavarnir.is

Ritstjóri: Margrét Herdís Jónsdóttir.

Sviðsstjórar og deildarstjórar hjá ríkislögreglustjóra tóku saman efnið.

Útgefið í júní 2017

Efnisyfirlit

Frá ríkislögreglustjóra.....	4
Rekstur embættis RLS	6
Umbótastarf innan embættisins.....	6
Starfsmenn ríkislögreglustjóra	6
Yfirlit yfir verkefni RLS 2016.....	8
Umsjón með ökutækjum lögreglunnar.....	8
Starfsemi tölvudeildar.....	9
Starfsemi almannavarnardeildar.....	10
Starfsemi fjarskiptamiðstöðvar.....	14
Starfsemi sérsveitar.....	16
Starfsemi alþjóðadeildar	17
Starfsemi stoðdeildar	20
Starfsemi greiningardeildar.....	20
Kennslanefnd	21
Skjalastýring og móttaka	22
Stofnun mennta- og starfsþróunarseturs lögreglu.....	22
Rannsóknir og þróun.....	23
Starfsmenn lögreglu.....	26
Fjöldi lögreglumanna við störf 1. febrúar 2016	26
Fjöldi annarra starfsmanna 1. febrúar 2016	27
Félagastuðningur og handleiðsla starfsmanna	28
Jafnréttismál lögreglunnar	28
Viðburðir, ráðstefnur og erlent samstarf	30
Summary in english	34

Frá ríkislögreglustjóra

Þessi misserin verður mönnum tíðrætt um þær miklu breytingar sem eru að verða á samfélagi okkar. Nærri lætur að fjöldi erlendra ferðamanna verði sjöföld íbúatala landsins árið 2017, gangi spár eftir. Ég hygg að þess finnist tæpast dæmi að sjálfstætt ríki taki á ári hverju við svo margföldum fjölda íbúa.

Líkur eru taldar á því að allt að tvö þúsund manns muni leita alþjóðlegrar verndar á Íslandi í ár. Fari svo munu næstum tvöfalt fleiri koma til landsins í þessu skyni frá árinu áður.

Ástæða er til að óttast að svört atvinnustarfsemi með tilheyrandi réttindabrotum og skattaundanskotum magnist með innflutningi erlends verkafólks á þeim uppgangstímum sem nú ríkja.

Allar hafa þessar breytingar kallað á snörp viðbrögð af hálfu lögreglunnar þrátt fyrir fámenni og þröngan fjárhag. Sérstök stoðdeild ríkislögreglustjóra hefur verið mynduð vegna þess mikla fjölda fólks sem hingað leitar eftir alþjóðlegri vernd. Lögregla hefur síðustu misserin lagt aukna áherslu á mansalsrannsóknir þ.m.t. vinnumansal og fjölgun ferðamanna hafa fylgt nýjar kröfur til lögreglumanna um land allt.

Frekari styrkingar er þörf því við blasir að tiltækur mannaflí nægir ekki. Fyrir liggur ógrynni skýrslna, samantekta, greininga, og excel-skjala frá liðnum árum sem allar fjalla um nauðsyn þess að efla lögregluna. Það var afar brýnt úrlausnarefni löngu áður en milljónir ferðamanna tóku að sækja Íslendinga heim og útlendingar að óska eftir hæli.

Öflugri löggæsla um land allt er ekki einka- eða hagsmunamál þeirra sem lögreglunni stjórna. Fjölgun lögreglumanna er hagsmunamál fyrir þá sem sinna ferðamönnum því þeir verða að geta gengið að viðunandi þjónustustigi lögreglu vísu. Hún er hagsmunamál fyrir öll þau fyrirtæki sem halda uppi fólksflutningum á Íslandi þar eð viðskiptavinir þeirra treysta á þjónustu lögreglu þegar hennar er þörf. Hún er hagsmunamál fyrir þau fyrirtæki sem annast skipaflutninga því öryggisgæsla íslenskrar lögreglu er mikilvæg forsenda aðgangs að erlendum höfnum. Fjölgun lögreglumanna er hagsmunamál fyrir flugfélög þar sem skilvirk þjónusta og eftirlit lögreglu í Leifsstöð er ein af grunnforsendum reksturs þeirra. Öflug löggæsla er mikilvægt hagsmunamál fyrir stéttarfélög og bæjar- og sveitastjórnir. Og síðast en ekki síst er fjölgun lögreglumanna stórkostlegt hagsmunamál fyrir almenning í landinu sem ber mikið og mikilvægt traust til löggæslunnar samkvæmt könnunum.

Löggæsla er þjónustustarfsemi sem skattgreiðendur fjármagna. Hrun fjármálakerfisins var lögreglunni sem öðrum erfitt og kallaði á mikinn niðurskurð. Árið 2014 varð þó langþráður viðsnúningur og nú liggja fyrir löggæsluáætlun og áætlun um opinber fjármál til næstu fimm ára. Þar með hefur verið markaður rammi til næstu ára og mun lögreglan sem aðrar ríkisstofnanir haga rekstri sínum í samræmi við þær kröfur. Vera kann að skipulagsbreytingar reynist nauðsynlegar því markmiðið hlýtur jafnan að vera að nýta sem best opinbera fjármuni.

Embætti ríkislögreglustjóra var formlega stofnað 1. júlí 1997 og verða því í sumar 20 ár liðin frá því að starfsemin hófst. Frá stofnun hefur embættið tekið verulegum breytingum og skipulag þess verið lagað að þörfum tímans. Í gegnum árin hafa ráðmenn þjóðarinnar treyst embættinu fyrir margvíslegum nýjum verkefnum og hafa starfsmenn jafnan reynst færir um að verða við þeim áskorunum sem þeim hafa fylgt.

Haraldur Johannessen
Ríkislögreglustjóri

Rekstur embættis RLS

Tafla 1. Rekstur embættis ríkislögreglustjóra í tölum árið 2016.

	2016	2015	2014
01 Laun	1.415 m.kr	1.283 m.kr	1.194 m.kr
02 Ferðir og fundir	74 m.kr	73 m.kr	63 m.kr
03 Rekstrarvörur	86 m.kr	69 m.kr	130 m.kr
04 Aðkeypt þjónusta	457 m.kr	443 m.kr	515 m.kr
05 Húsnæði	137 m.kr	140 m.kr	144 m.kr
06 Bifreiðar og vélar	291 m.kr	285 m.kr	335 m.kr
07 Rekstrarkostnaður	145 m.kr	110 m.kr	158 m.kr
Rekstrarkostnaður alls	2.605 m.kr	2.403 m.kr	2.539 m.kr
	0 m.kr		
	0 m.kr		
08 Sértekjur	-981 m.kr	-776 m.kr	-751 m.kr
10 Framlag ríkissjóðs	-1.656 m.kr	-1.578 m.kr	-1.757 m.kr
	0 m.kr		
Sértekjur og fjárheimildir alls	-2.637 m.kr	-2.354 m.kr	-2.508 m.kr

Umbótastarf innan embættisins

Á árinu 2016 tók nýskipaður umbótahópur til starfa. Fyrsta verk hópsins var að heimsækja allar deildir embættisins í lok árs. Á fundum með deildunum var farið yfir helstu niðurstöður úr könnun á Stofnun ársins 2016 og reynt að draga fram þau atriði sem starfsmenn töldu að mætti bæta sem og að finna tillögur að lausnum á þeim sömu atriðum. Þá var farið yfir áhættumat öryggisnefndar embættisins sem unnið var í byrjun árs 2016. Meðal atriða sem komu fram var samdóma álit allra deilda um að álag og streita í starfi færi vaxandi. Nefndu flestir að álagið mætti rekja til skorts á starfsmönnum. Áfram verður lögð áhersla á að styrkja innviði og hlutverk embættisins.

Starfsmenn ríkislögreglustjóra

Í lok árs 2016 var fjöldi starfsmanna embættis ríkislögreglustjóra 131. Árið áður voru þeir 115 og var fjölgunin því 14%. Þegar starfsmannaveltan árið 2016 er skoðuð má sjá að heildarveltan var 3% og raunvelta 2%. Sjá nánar í töflu 2.

Tafla 2. Fjöldi starfsmanna ríkislögreglustjóra, kyn, tapaðar vinnustundir og starfsmannavelta.

Fjöldi starfsmanna 31.12.2015	115 starfsmenn, 113 stöðugildi
Fjöldi starfsmanna 31.12.2016	131 starfsmaður, 116 stöðugildi
Hlutfall kvenna af lögreglumönnum	Af 96 lögreglumönnum eru 5 konur þ.e. 5%
Hlutfall kvenna af borgaralegum starfsmönnum	Af 35 borgaralegum starfsmönnum eru 16 konur þ.e. 46%
Hlutfall tapaðra vinnustunda vegna veikinda, slysa og veikinda barna	8.720 vinnustundir, þ.e. rúmlega 4 ársverk
Heildarvelta	3%
Raunvelta	2%

Yfirlit yfir verkefni RLS 2016

Umsjón með ökutækjum lögreglunnar

Lögreglan í landinu hefur til umráða 133 ökutæki. Heildarakstur ársins 2016 var 3.340.416 km og er það svipaður akstur og 2015.

Tafla 3. Akstur ökutækja hjá lögregluembættum 2014-2016*, eknir kílómetrar.

	2014	2015	2016
Lögreglustjórinn á Austurlandi	263.235	228.602	192.106
Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	1.272.554	1.130.164	1.089.202
Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra	335.217	323.272	345.618
Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra	168.861	177.789	208.658
Ríkislögreglustjórinn	304.245	213.026	211.181 km
Lögreglustjórinn á Suðurlandi	373.706	401.052	508.068
Lögreglustjórinn á Suðurnesjum	320.044	286.975	294.264
Lögreglustjórinn á Vestfjörðum	169.068	163.670	157.353
Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum	44.245	43.559	45.627
Lögreglustjórinn á Vesturlandi	282.980	327.873	267.797
Lögregluskóli ríkisins/MSL	39.293	23.960	20.542 km
Samtals	3.573.448	3.319.942	3.340.416

*Tölur um akstur frá árinu 2014 eru byggðar á eldri umdæmaskipan og lagðar saman til að mynda tölur fyrir nýju embættin.

Starfshópur á vegum ríkislögreglustjóra hefur unnið að því á undanförunum árum að fækka tjónum sem verða á ökutækjum lögreglunnar. Flest tjón á ökutækjum lögreglunnar verða þegar lögreglumenn sinna venjulegu eftirliti. Má því í mörgum tilfellum flokka tjónin undir óvarkárni ökumanna þegar ekið er utan í hluti eða á önnur ökutæki. Þá er vert að nefna tjón á lögregluökutækjum vegna umferðarmannvirkja á höfuðborgarsvæðinu. Má í því sambandi nefna hraðahindranir þar sem skemmdir verða á undirvagni, skemmdir vegna þrenginga á akbrautum, vegriða og annarra hindrana. Á síðustu fimm árum hefur tjónakostnaður vegna ökutækja lögreglunnar verið um 45,5 mkr. Hluta af þeim kostnaði má rekja til fyrrgreindra umferðarmannvirkja á höfuðborgarsvæðinu. Dregið hefur úr tjónum vegna eftirfara lögreglu og í flestum þeim tilvikum hafa tjónin fengist bætt hjá tryggingafélögunum. Alvarlegt umferðarslys varð á árinu er bifreið var ekið í veg fyrir lögreglumótorhjól, sem var í forgangsakstri. Lögreglumaðurinn slasaðist töluvert ásamt ökumanni bifreiðarinnar er ók í veg fyrir mótorhjólið. Lögreglumótorhjólið er ónýtt eftir áreksturinn.

Á árinu voru pantaðar 11 nýjar lögreglubifreiðar og fóru ökutækin í notkun hjá fimm lögregluliðum. Í öllum ökutækjunum er að finna sérstakan lögreglubúnað. Starfshópurinn mun fylgja eftir að ný ökutæki standist nauðsynlegar kröfur samkvæmt 2. gr. í reglum um eftirlit með ökutækjum lögreglu. Sex bifreiðar fóru til lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og lögreglubifreiðar til lögreglustjóranna á Norðurlandi vestra og eystra, Suðurlandi og á Suðurnesjum. Ásamt kaupum á nýjum bifreiðum var fjarskiptabúnaður, upptöku- og radarbúnaður ásamt forgangsbúnaði endurnýjaður. Þá var tölvubúnaður settur í allar nýjar bifreiðar. Einnig fóru fram nokkrar tilfærslur á ökutækjum á milli lögregluembætta.

Tafla 4. Fjöldi og kostnaður tjóna á ökutækjum lögreglu frá 2014 – 2016.

	2014	2015	2016
Fjöldi tjóna	64	58	53
Fjárhæð tjóna	7.825.934 kr.	11.339.063 kr.	5.214.640

Starfsemi tölvudeildar

Í tölvudeild ríkislögreglustjóra störfuðu á árinu sjö manns, deildarstjóri, verkefnastjóri vegna Schengen-tölvukerfa, þrjú tæknimenn og tveir forritarar. Að auki naut deildin aðkeyprtar þjónustu tæknimanns við uppfærslu á skjölun vegna högunar Schengen-tölvukerfa.

Tölvudeildin hefur umsjón með tölvuneti og upplýsingatæknibúnaði lögreglunnar, nema lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, sem og útlendingastofnunar, embættis ríkissaksóknara og embættis héraðssaksóknara.

Á neti lögreglunnar eru alls um 1.100 notendur á um það bil 60 starfstöðvum. Á árinu 2016 voru 80 útstöðvar endurnýjaðar hjá lögregluembættunum sem er ívið minna en árið á undan en stefna ríkislögreglustjóra er að vinnustöðvar starfsmanna verði aldrei eldri en þriggja til fjögurra ára. Fjöldi útstöðva (tölva) hefur farið vaxandi síðustu árin og nálgast að vera sá sami og fjöldi starfsmanna í árslok. Vistað gagnamagn hefur farið stígvaxandi síðustu árin og lætur nærri að aukning á vistuðu magni gagna hafi verið um 60% milli áranna 2015 og 2016.

Öll þróun vegna lögreglukerfisins, LÖKE, er unnin af forriturum tölvudeildar sem og þróun „apps“ til nota í spjaldtölvum. Önnur hugbúnaðarþróun vegna upplýsingakerfa lögreglu er aðkeypt.

Tölvudeild RLS sinnir notendaþjónustu við lögregluna í landinu auk útlendingastofnunar, ríkissaksóknara og héraðssaksóknara.

Ný tölvukerfi sem tekin voru í notkun

Á árinu var skipt út umsjónarkerfi til að miðla tölvupósti í farsíma og

spjaldtölvur. Um er að ræða EMS-lausn frá Microsoft en eldri lausn frá Good Corporation var komin til ára sinna.

Schengen-upplýsingakerfin

Unnið var að uppsetningu nýrra tengiskápa fyrir TestaNG-netsamband Evrópusambandsins og var uppsetningu tveggja af fjórum tengiskápum lokið. Þá var ákveðið að kaupa hugbúnað fyrir SIS2 af Advania, en þá lausn hefur Advania þróað fyrir Liechtenstein og býður hún upp á fjölþættari leitarmöguleika. Ýmsar breytingar til aðlögunar að þörfum alþjóðaskrifstofunnar voru gerðar á hugbúnaðarlausninni.

Spjaldtölvur í lögreglubílum

Við lok ársins voru 30 merktir lögreglubílar búnir spjaldtölvum. Ýmis konar þróun varð á hugbúnaðinum sem lögreglumenn á vettvangi nota í spjaldtölvunum til að tryggja betra aðgengi að upplýsingum í lögreglakerfinu. Einnig var unnið að breytingum á hugbúnaðinum til að hann nýtist fyrir tölvustýrða útkallsþjónustu lögreglu. Þar er skráð hvenær útkall berst, hvenær lagt er af stað, hvenær komið er á vettvang og hvenær lögreglubifreiðin heldur af vettvangi.

Starfsemi almannavarnadeildar

Óvissustig vegna Kötlu.

Viðbragðsáætlun vegna eldgoss í Mýrdalsjökli var virkjuð á óvissustigi þann 30. september vegna jarðskjálftahrinu sem hófst 29. september 2016 í Kötlulöskjuni í Mýrdalsjökli. Ríkislögreglustjóri virkjaði áætlunina í samráði við lögreglustjóran á Suðurlandi. Jarðskjálftahrina hætti án frekari atburða og var óvissustigi aflýst tveimur vikum síðar. Jarðskjálftavirkni í Mýrdalsjökli var meiri haustið 2016 en verið hefur síðustu ár.

Jökulhlaup

Minniháttar jökulhlaup urðu í Skaftá og Gígjukvísl á árinu. Þau komu öll til vegna jarðhitavatns sem safnast saman undir Vatnajökli, annars vegar í Skaftárkötlum og hins vegar Grímsvötnum. Enginn af þessum atburðum kallaði á meiriháttar viðbrögð og litlar truflanir urðu á samgöngum.

Vísindaráðsfundir

Á vor- og haustfundi vísindaráðs almannavarna var farið yfir virkustu eldstöðvar Íslands auk jarðskjálftasvæða. Vegna umbrotanna í Bárðarbungu og jarðskjálfta í Mýrdalsjökli var athygli einkum beint að þeim. Niðurstaða fundanna er yfirleitt á einn veg; halda þarf við vöktunarkerfum í kringum þessi eldfjöll og efla jarðvöktun þar sem því verður við komið.

112 dagurinn

Almannavarnadeild tók þátt í 112- deginum með viðbragðsaðilum þann 11. febrúar en þessi dagur er samstarfsverkefni stofnana og félagasamtaka sem annast neyðarþjónustu. Almannavarnir voru þema dagsins og áhersla lögð á

viðbúnað og viðbrögð við náttúruhamförum, sérstaklega óveðri og jarðskjálfum. Tuttugu ár eru liðin frá því evrópska neyðarnúmerið 112 var tekið í notkun og leysti það af hólmi 146 mismunandi númer viðbragðsaðila. Einnig tekur almannavarnadeildin þátt í að kjósa Skyndihjálparamann ársins sem er heiðraður á 112 deginum fyrir björgunarstörf.

Virkjun Samhæfingarstöðvarinnar á árinu 2016

Almannavarnakerfið var virkjað fjórtán sinnum árið 2016. Oftast var það virkjað vegna flugvéla sem voru í einhvers konar vanda en allar lentu þær heilu og höldnu. Almannavarnakerfið var ræst tvisvar vegna rútuslysa, einu sinni vegna elds um borð í hvalaskoðunarbát, einu sinni vegna óveðurs og tvisvar vegna hræringa undir Mýrdalsjökli (tafla 1). Athygli vekur að hvergi var lýst yfir almannavarnastigi vegna snjóflóðahættu á árinu 2016.

Tegund	Óvissustig	Hættustig	Neyðarstig	Æfing
Flug	2	6		4
Umferðarslys			2	6
Sjór		1		
Veður		1		
Eldgos/jarðhræringar	2			5
Annað				4

Nítján æfingar voru haldnar í samhæfingarstöð almannavarna á árinu; í fjórum tilfellum vegna vettvangsæfinga á flugslysaáætlunum, sex sinnum vegna annarra hópslysaæfinga, fimm sinnum voru æfingar sem tengdust jarðhræringum eða eldgosum og fjórar æfingar vegna atburða af öðru tagi. Eitt námskeið var haldið fyrir nýliða í áhöfn stöðvarinnar dagana 28. til 30. október.

Námskeið fyrir yfirmenn í almannavörnum á Norðurlöndum

Á undanförunum árum hafa almannavarnastofnanir á Norðurlöndum haldið námskeið fyrir háttsetta starfsmenn stofnana og fyrirtækja sem koma að verkefnum almannavarna á einhvern hátt. Árið 2016 kom það í hlut Íslendinga að halda námskeiðið. Það var haldið á Hellu dagana 13. til 16. júní.

Þátttakendur voru fimm frá Danmörku, tíu frá Finnlandi, sex frá Íslandi, ellefu frá Noregi og níu frá Svíþjóð. Þátttakendurnir starfa á mörgum sviðum og má nefna að auk yfirmanna í almannavarnastofnunum tók þátt fólk úr innanríkis- dómsmála- og utanríkisráðuneytum, frá fjölmiðlum, her og strandgæslu, stofnunum sem fara með málefni flóttamanna og frá stórfyrirtækjum eða samtökum atvinnulífs.

Skipulag námskeiðsins var þannig að haldnir voru fyrirlestrar en síðan var þátttakendum skipt í hópa og hópunum fengnar spurningar til að ræða. Þemu námskeiðsins voru þrjú; eldvirkni og áhrif stórgosa á loftslag, öryggi

ferðamanna og loks flóttamannastraumur og meiriháttar fólksflutningar með áherslu á þátt Norðurlanda og áhrif á þau.

Nýjar og uppfærðar viðbragðsáætlanir 2016

Umdæmi	Tegund	Staða
Suðurnes	Flugslysaáætlun Keflavíkurflugvöllur	Lokið/uppfærð
Austurland	Viðbragðsáætlun vegna öskufalls	Í vinnslu
Norðurland eystra	Flugslysaáætlun Þórshafnarflugvöllur Hópslysaáætlun Eyjafjörður Hópslysaáætlun Þingeyjarsýsla Jarðskjálftaáætlun Eyjafjörður	Lokið/uppfærð Lokið Lokið Í vinnslu
Suðurland	Eldgos í Mýrdalsjökli Eldgos í Eyjafjallajökli Eldgos í Vatnajökli Eldgos í Heklu Hópslysaáætlun Suðurlands Herjólfur og önnur skip	Í uppfærslu Í uppfærslu Í vinnslu Í vinnslu Í vinnslu Í vinnslu Í uppfærslu
Höfuðborgarsvæðið	Hópslys um borð í skipum við Faxaflóa Flugslysaáætlun Reykjavíkurflugvöllur	Lokið Lokið/uppfærð
Vestmannaeyjar	Eldgosaáætlun	Í vinnslu
Vesturland	Hópslysaáætlun Vesturlands	Í vinnslu
Landið allt	Landsáætlun um heimsfaraldur inflúensu Landsáætlun um sóttvarnir hafna og skipa	Lokið/uppfærð Í vinnslu

NORDRESS-rannsóknarverkefni

NORDRESS-verkefnið er mikilvægt fyrir almannavarnir þar sem eitt megin viðfangsefnið er að rannsaka á þverfaglegan hátt hvernig hægt er að auka öryggi og áfallapol einstaklinga, samfélaga, innviða og stofnana gegn náttúruhamförum. Ríkislögreglustjóri er einn fimmtán samstarfsaðila á Norðurlöndum sem taka þátt í verkefninu. Á árinu var unnið að verkefnum sem tengjast almannavörnum m.a. rannsókn á áhrifum SO₂ frá eldgosinu í Holuhrauni á íbúa, bókarkafli um loftlagsbreytingar og áhrif á íbúa á jaðarsvæðum, yfirlit um almannavarnir á Norðurlöndum og verksvið stofnana í náttúruhamförum ásamt aðkomu að nokkrum rannsóknarverkefnum. Velferð og vá var annað verkefni sem almannavarnadeildin tók þátt en það snýst um að greina þátt velferðar í almannavarnavarnakerfum Norðurlanda og samanburð á þeim.

FUTUREVOLC

FUTUREVOLC-rannsóknarverkefninu lauk snemma árs. Það hófst haustið 2012 og var meginmarkmiðið að koma á fót samhæfðu vöktunarkerfi á eldfjöllum, þróa nýjar aðferðir til að meta hættu á eldgosum, efla skilning á myndun og hreyfingu kviku í jarðskorpunni, bæta gæði mælinga á stærð og afli eldgosa og bæta upplýsingagjöf til almanna og yfirvalda, ekki síst með tilliti til flugsamgangna. Eldgosið í Holuhrauni árið 2014-2015 var bæði að magni gosefna og tímallengd mesta eldgos á Íslandi í 230 ár. Margvíslegur tækjabúnaður FutureVolc var nýttur við ýmsar mælingar svo sem hreyfingu á kviku undir jöklinum, mat á hraunrennsli og gasflæði og hættu vegna þessa. Upplýsingagjöf í eldgosinu var í samræmi við verkefni almannavarnadeildar í FutureVolc. Hlutverk almannavarnadeildarinnar í verkefninu var að auka flæði upplýsinga frá vísindasamfélaginu til almanna og annarra, bæði hér heima og í Evrópu.

Almannavarnadeildin er þátttakandi í samstarfi almanna í Evrópu, EU Civil Protection Mechanism. Í gegnum það kerfi er hægt að miðla upplýsingum til allra ríkja Evrópusambandsins og annarra stofnana í Evrópu á einfaldan og fljótlegan hátt auk þess sem þessum upplýsingum er miðlað áfram út um allan heim í gegnum stjórnstöð kerfisins í Brussel. Á þeim fjórum árum sem verkefnið stóð yfir kom deildin að fjórum stórum skýrslum sem fjölluðu um vöktun eldfjalla á Íslandi og miðlun upplýsinga sem þeirri vöktun tengist. Viðhorf haghafa, hér heima og í Evrópu, til vöktunar og miðlunar upplýsinga var kannað og í framhaldi af því lagt til hvernig mætti bæta vöktunina, sérstaklega miðlun upplýsinga á tímum þegar eldgos standa yfir á Íslandi eða eru yfirvofandi.

VeTools

Almannavarnadeildin tók þátt í evrópsku þróunarverkefni sem almannavarnakerfi Evrópusambandsins fjármagnaði. Verkefnið snerist um að þróa verkfæri og aðferðafræði við áhættugreiningu vegna eldgosa. Spænska

rannsóknarráðið leiddi vinnuna þar sem jarðvísindamenn, starfsmenn almannavarna og tryggingarfélagi frá Spáni, Íslandi og Portúgal komu saman til að deila þekkingu. Verkefnið hófst árið 2015 og því lauk í nóvember 2016.

Nýr almannavarnavefur

Ný og endurbætt vefsíða almannavarnadeildar var tekin í notkun í lok ársins.. Mikil vinna var lögð í að endurskrifa og uppfæra vefinn á árinu.

Starfsemi fjarskiptamiðstöðvar

Markmið fjarskiptamiðstöðvar er að veita bestu þjónustu sem völ er á og tryggja eins stuttan viðbragðstíma og hægt er. Fjarskiptamiðstöðinni ber að gæta samræmingar í verkefnum og stuðla að samvinnu á milli umdæma lögreglu þegar þörf er á.

Á árinu var ákveðið að lögreglan og æðsta stjórn landsins tæki upp dulkóðun í Tetra-fjarskiptabúnaði sínum. Við það þurfti að skipta út öllum notendabúnaði samhliða því sem Öryggisfjarskipti skiptu út miðkerfi Tetra. Verkefnið var mjög umfangsmikið og tók nokkra mánuði.


Símaviðmótið frá 112 var uppfært hjá FMR á árinu. Með því fær lögregla meiri upplýsingar um tilkynnanda, staðsetningu og stöðu máls. Samhliða því uppfærði tölvudeild RLS lögreglukerfið, Löke, þannig að útvinandi lögreglumenn gætu fengið meiri not af spjaldtölvum til upplýsingaöflunar.

Undirbúningur hófst á árinu með samvirkni á milli símaviðmóts 112 og Löke. Þannig er unnt að senda viðeigandi gögn beint frá símaviðmótinu yfir í Löke og þaðan berast upplýsingar út í spjaldtölvur lögreglutækja. Jafnframt birtast nýjar upplýsingar í spjaldtölvum um leið og þær eru skráðar í Löke.


Talsvert mikil aukning varð á innhringingum frá útlendingum sem voru í vandræðum víðs vegar um landið. Þessi símtöl taka yfirleitt talsvert lengri tíma en önnur verkefni. Því hefur þjónustutími símtala lengst frá fyrri árum. Starfsmenn FMR afgreiddu um 1.400 verkefni á árinu og þá oftast með aðstoð frá kranafyrirtækjum.

Fjórir starfsmenn FMR eru í samningahópi ríkislögreglustjóra og sóttu námskeið og æfingar á árinu. Tveir starfsmenn sóttu Tetraráðstefnu erlendis á árinu.

ÁRSSKÝRSLA 2016




Mynd 1. Fjöldi símtala sem starfsmenn fjarskiptamiðstöðvar svöruðu.



Mynd 2. Fjöldi og lengd símtala Fjarskiptamiðstöðvar.

Starfsemi sérsveitar


Alls voru skráð 412 verkefni árið 2016, þar af 231 sérsveitarverkefni. Af þeim voru sérsveitarmenn vopnaðir skotvopnum í 108 tilfellum. Verkefnin eru skráð í verkefnaflokka og hvert verkefni getur haft fleiri en einn flokk. Þá veitti sérsveit tilteknum embættum og stofnunum kennslu og þjálfun á árinu. Sjá nánar á mynd 3.



Mynd 3. Fjöldi sértækra verkefna sérsveitarinnar eftir eðli verkefna árið 2016.

Almenn löggæsluverkefni

Samtals voru skráð 2.294 almenn lögregluverkefni sem sérsveitin vann árið 2016 til viðbótar við sértæk verkefni hennar. Flest verkefnin sneru að hefðbundnum handtökum, heimilisofbeldi og eftirliti. Sjá nánari skiptingu á mynd 4.



Mynd 4. Fjöldi almennra löggæsluverkefna sérsveitarinnar eftir eðli verkefna árið 2016.

Starfsemi alþjóðadeildar

Líkt og fyrri ár annaðist alþjóðadeild þúsundir erinda og tilkynninga sem bárust í gegnum innlend og erlend samskiptakerfi og gagnagrunna sem deildin þjónustar. Umfang verkefna sem tilheyra kjarnastarfsemi deildarinnar hélt áfram að aukast, eins og verið hefur frá 2013. Mikil fjölgun hælisleitenda og ferðamanna hefur aukið enn frekar á verkefni deildarinnar.

Þótt lögð væri áhersla á að afgreiðsla erinda sem tengjast kjarnastarfsemi deildarinnar væri í forgangi var svo komið að langvarandi og sífellt vaxandi álag vegna verkefna á sviði lögreglufylgda og birtinga var tekið að bitna á kjarnastarfsemi og starfsmönnum deildarinnar. Ljóst varð snemma árs að tímabundin fjölgun um tvo starfsmenn frá áramótum dygði ekki til.

Í október færðust lögreglufylgdir með einstaklingum milli landa frá alþjóðadeild til nýstofnaðrar stoðeildar ríkislögreglustjóra. Á sama tíma færðust birtingar á ákvörðunum stjórnvalda í málefnum útlandinga til lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Sú breyting veitir alþjóðadeild svigrúm á næstu árum til að ljúka innra og ytra umbótastarfi. Jafnframt verður unnt að endurskipuleggja deildina með það að markmiði að efla samstarf og þjónustu við innlend og erlend lögreglufirvöld og aðra samstarfsaðila. Sérstök áhersla er á að efla sjálfbært aðgengi útkallslögreglu og rannsóknardeilda að gagnlegum upplýsingum og þjónustu.

Innviðir alþjóðadeildar og Alþjóðawiki

Alþjóðadeild rekur vefsvæðið Alþjóðawiki, gagnvirkan upplýsingabrunn um starfsemi alþjóðadeildar og erlent lögreglusamstarf fyrir starfsmenn deildarinnar, lögreglumenn og samstarfsaðila. Þótt uppbygging og rekstur vefsvæðisins sé tímafrek er gagnsemin ótvíræð. Seint á árinu hófst vinna við að endurskipuleggja Alþjóðawiki með það að markmiði að gera vefsvæðið einfaldara, markvissara og notendavænna. Þeirri vinnu lýkur á árinu 2017.

Alþjóðadeild hélt 10 kynningar fyrir lögreglu og samstarfsaðila um starfsemi og þjónustu deildarinnar og erlent lögreglusamstarf. Reynslan sýnir að sífellt þarf að skerpa á samstarfinu með kynningum á notkunarmöguleikum og nýjungum. Alþjóðadeild fékk fjórar kynningar á starfsemi samstarfsaðila.

Stofnun stoðeildar fylgdi nokkuð rót í starfsmannamálum er leiddi til undirmönnunar á seinni hluta ársins og þjálfunar nýrra starfsmanna. Þá fóru þrír starfsmenn alþjóðadeildar til starfa á Evrópumótinu í knattspyrnu (EURO 2016). Alls fengu sjö starfsmenn samstarfsaðila stutta starfsþjálfun í alþjóðadeild.

Erlent lögreglusamstarf

Innan alþjóðlegs lögreglusamstarfs er rík áhersla lögð á að sameiginleg samskiptakerfi og gagnagrunnar séu nýtt til hins ítrasta, sérstaklega gegn hryðjuverkastarfsemi og vígamönnum (e. foreign fighters). Alþjóðadeild vann

að þessum markmiðum m.a. með því að auka erlend samskipti og nýta enn betur möguleika íslenskra lögregluþingvalda til skráninga og uppflettinga á einstaklingum og munum. Að frumkvæði alþjóðadeildar hafa fleiri lögreglumenn, löggæslueiningar og samstarfsaðilar nú beinan aðgang að umræddum kerfum en áður.

Alþjóðadeild hefur lagt sérstaka áherslu á að efla samstarf íslenskra lögregluþingvalda við Evrópulögregluna (Europol) og samstarfsaðila hennar. Föst viðvera tengslafulltrúa hjá Europol er þar mikilvægur þáttur. Aðgangur og nýting á samskiptakerfum og gagnagrunnum Europol var betri á árinu en áður hefur verið. Alls höfðu fimm löggæsluembætti beinan aðgang að SIENA-samskiptakerfinu og virk þátttaka var í 12 verkefnahópum (e. Focal Points) Europol. Á árinu virkjaði alþjóðadeild aðgang greiningardeildar að CT-SIENA sem er lokaður hluti samskiptakerfisins til baráttu gegn hryðjuverkastarfsemi.

Sérstakt átak alþjóðadeildar leiddi af sér umtalsverða fjölgun á uppflettingum í gagnagrunnum Schengen-samstarfsins. Hjá lögregluembættunum¹ jókst hún um 194% og um 156% hjá lögreglustjóranum á Suðurnesjum. Tvöföldun varð á smellum hérlendis á erlendar skráningar en smellum erlendis á íslenskar skráningar fækkaði. Fyrir liggur því sams konar átak til að efla enn frekar skráningar í umrædd kerfi. Alþjóðadeild lagði umtalsverða vinnu í að undirbúa Schengen-úttekt Evrópusambandsins á Íslandi 2017 m.a. með því að sækja námskeið og taka þátt í úttektum í öðrum löndum.

Með sama hætti hefur alþjóðadeild unnið áfram að því að efla samstarfið við Alþjóðalögregluna (Interpol) og fjölga uppflettingum og skráningum í gagnagrunnum hennar. Samstarfið er mikilvægt enda grundvöllur samvinnu við 190 lönd, fjölda gagnlegra samstarfsaðila og umfangsmikilla gagnagrunna. Á árinu var lögreglukerfið (Löke) beintengt gagnagrunnum Interpol og geta nú allir lögreglumenn leitað þar upplýsinga.

Sem fyrr þjónustaði alþjóðadeild jafnframt margvísleg verkefni tengd öðru erlendu lögreglusamstarfi svo sem Eurodac, Frontex, NFIP-samstarfinu (landstengiliður vegna knattspyrnuleikja) og PTN (norrænt samstarf lögreglu- og tollgæslu).

Menntun og þjálfun

Alþjóðadeild er mikilvægt að búa að formlegri menntun og þjálfun starfsmanna tengdri þeim kerfum og samstarfi sem deildin sinnir. Jafnframt skiptir miklu að viðhalda góðum tengslum og þekkingu á starfsemi þeirra starfseininga og stofnana sem deildin þjónustar, bæði innanlands og erlendis. Þátttaka starfsmanna í erlendum og innlendum ráðstefnum, fundum og vinnuhópum á ábyrgðarsviði deildarinnar tilheyrir menntun og þjálfun þeirra.

Alþjóðadeild hélt þrjú námskeið fyrir eigin starfsmenn og samstarfsaðila. Starfsmenn deildarinnar sóttu fjögur námskeið innanlands, átta námskeið erlendis auk nokkurs fjölda vefnámskeiða. Alls sóttu starfsmenn 20

¹ Öll lögregluembætti utan lögreglustjórans á Suðurnesjum og embættis ríkislögreglustjóra.

fundi/ráðstefnur erlendis.

Aðbúnaður og tækjamál

Þótt alþjóðeild ráði yfir góðum búnaði og samskiptakerfum felst framþróun að talsverðu leyti í einföldun og sjálfvirkni kerfa og afgreiðslu erinda. Á árinu varð samkeyrsla tilkynninga um skráða einstaklinga í gagnagrunna Schengen og Interpol við íslenska gagnagrunna alveg sjálfvirk. Samkeyrsla áhafna- og farþegalista skipa við umrædda grunna var gerð einfaldari og sjálfvirkni aukin. Alþjóðadeild vann áfram að innleiðingu tölvuvinnslu sem leitar sjálfvirk að skráðum einstaklingum á Íslandi með reglulegri samkeyrslu erlendra og íslenskra gagnagrunna. Það fyrirkomulag verður tekið í notkun 2017.

Á grundvelli þess alþjóðlega lögreglusamstarfs sem alþjóðadeild þjónustar er starfræktur fjöldinn allur af sérhæfðum samskiptakerfum, gagnagrunnum og upplýsingaveitum. Árlega leggur alþjóðadeild fram verulegt vinnuframlag vegna samráðs, eftirlits, úttekta og innleiðingar sem tengist rekstri og framþróun þeirra kerfa.

Á árinu var nær allur skrifstofu- og tölvubúnaður alþjóðadeildar endurnýjaður og er því vinnuaðstaða vistlegri en áður.

Birtingar og lögreglufylgdir

Eins og fram kom hér að framan annaðist alþjóðadeild fyrstu níu mánuði ársins lögreglufylgdir einstaklinga milli landa, og stærstan hluta birtinga á ákvörðunum stjórnvalda í málefnum útlendinga. Frá 2013 hefur þeim verkefnum fjölgað stöðugt og á nefndu tímabili stóð alþjóðadeild að framkvæmd 90 lögreglufylgda, þar af 10 hópferða í samvinnu við Landamærastofnun Evrópu (Frontex).

Alþjóðasamstarf

Ferðir sem starfsmenn fóru á árinu 2016 á vegum embættisins

Fjöldi	Samstarfsaðilar	Land
1	Nordred	Færeyjar
2	Almannavarnasamstarf Evrópu	Belgía
3	Eystrasaltsráðið	Pólland
1	NORDRESS ársfundur	Danmörk
1	NORDRESS vinnufundur	England
1	Þjálfunarmál í Evrópu	Slóvenía
2	EDREX - æfingaundirbúningur	Belgía
1	NEFRA - áhættugreining í Norður-Evrópu	Írland
1	Copernicus Emergency Mapping Service	Ítalía

Starfsemi stoðeildar

Stoðeild ríkislögreglustjóra var stofnuð og hóf starfsemi í október 2016.

Fram til þess var framkvæmd fylgda frá og til Íslands í höndum alþjóðadeildar ríkislögreglustjóra en sökum mikillar fjölgunar slíkra mála ákvað ríkislögreglustjóri að færa þann verklið frá alþjóðadeild og stofna nýja deild verkefnið.

Frá 01.01.2016 til 01.10.2016 var 152 einstaklingum fylgt úr landi. Frá stofnun stoðeildar 01.10.2016 til áramóta 31.12.2016 var 183 einstaklingum fylgt úr landi. Alls var því 335 einstaklingum fylgt úr landi árið 2016.

Frá stofnun stoðeildar til áramóta 2016/2017 störfuðu sex lögreglumenn í deildinni – fimm lögreglufulltrúar og einn aðstoðaryfirlögregluþjónn.

Deildin tók þátt í 14 verkefnum á vegum Frontex þar sem farið var til ýmissa landa utan Schengen-svæðisins.

Í byrjun desember 2016 flutti stoðeild á Bæjarhraun 18 í Hafnarfirði, í hús á vegum útlandingastofnunar. Sú nálægð er nauðsynleg vegna mikilla samskipta stofnananna í verkefnum sínum.

Starfsemi greiningardeildar

Á árinu 2016 vann greiningardeild skýrslur um hin ýmsu svið íslenskra öryggismála sem kölluðu á mikla gagnaöflun og heimildavinnu. Skýrslur þessar vann deildin ýmist fyrir yfirstjórn lögreglu, innanríkisráðuneytið, utanríkisráðuneytið, Landhelgisgæsluna og einstök lögregluembætti. Má þar helst nefna: skýrslu um mat ríkislögreglustjóra á Schengen-samstarfinu, greiningu vegna laumufarþega með íslenskum farskipum, ítarlega skýrslu um tölvu- og netglæpi, skýrslur og greiningar tengdar verkefnum Landhelgisgæslunnar erlendis og skýrslur um þróun alþjóðamála og svæðisbundin átök.

Þá vann greiningardeild fjölda skýrslna um íslensk öryggismál á erlendum tungumálum vegna þátttöku í alþjóðlegu samstarfi. Deildin annaðist einnig áhættugreiningar vegna loftrýmisgæslu á vegum Atlantshafsbandalagsins (NATO) og ýmsa upplýsingamiðlun í tengslum við heimsóknir embættismanna NATO.

Að auki vann greiningardeild mikinn fjölda áhættugreininga vegna komu erlendra ráðamanna og þjóðhöfðingja auk verkefna sem tengdust vélhjólageringjum sem falla undir skilgreiningar um skipulagða glæpastarfsemi.

Greiningardeild vann einnig öryggismat og áhættugreiningar vegna ferða íslenskra ráðamanna erlendis. Vegna þátttöku íslenska karlalandsliðsins á Evrópumótinu í knattspyrnu var unnið áhættumat, að beiðni franskra stjórnvalda.

Árið 2016 önnuðust starfsmenn greiningardeildar fjölmargar kynningar vegna þátttöku í alþjóðlegu samstarfi og upplýsingamiðlun vegna fyrirspurna erlendis frá. Starfsmenn sinntu einnig fræðslu á sviði öryggismála fyrir lögreglu og aðrar stofnanir ríkisins.

Þá sinntu starfsmenn greiningardeildar fjölmörgum verkefnum sem vörðuðu öryggi ríkisins og almennings.

Samstarf við erlendar öryggisstofnanir og lögreglulið var líkt og áður mikilvægt verkefni greiningardeildar árið 2016. Má þar helst nefna Evrópulögregluna (Europol), norrænar lögreglu- og öryggisstofnanir, Bandarísku alríkislögregluna (FBI) og Leyniþjónustu Bandaríkjanna (CIA). Mikilvægur liður í því samstarfi er viðleitni til að hefta umsvif skipulagðra glæpahópa hér á landi og sporna gegn hryðjuverkastarfsemi.

Verkefni greiningardeildar voru samtals 1.212 árið 2016 en voru 826 árið 2015 (sjá töflu 6).

Tafla 5. Fjöldi verkefna greiningardeildar árið 2016.

Verkefni	2016	2015
Bakgrunnsathuganir vegna siglingaverndar	36	0
Öryggisvottanir vegna NATO-samstarfsins	246	205
Önnur tilfallandi mál	930	621
Samtals	1.212	826

Kennslanefnd

Kennslanefnd ríkislögreglustjóra hefur það hlutverk að bera kennsl á óþekkt lík eða líkamsleifar. Hér á landi hefur starfað kennslanefnd frá 21. september 1989 þegar fyrst var skipað í hana. Nefndin starfar eftir leiðbeiningum frá Interpol og starfslýsingu frá árinu 2012 sem embætti ríkislögreglustjóra gaf út. Í kennslanefnd ríkislögreglustjóra eru rannsóknarlögreglumenn, tæknimenn lögreglu, réttarlæknir, réttartannlæknar, meinafræðingur og læknir. Innanríkisráðherra skipar nefndina en í henni eru fjórir aðalmenn og ellefu varamenn.

Á árinu var haldið áfram að efla starf nefndarinnar samkvæmt ákvörðun ríkislögreglustjóra frá 2014. Endurnýjaður var hugbúnaður og tölva fyrir röntgentæki sem réttartannlæknar í nefndinni notast við. Þá voru keyptir, í samvinnu með almannavardadeild RLS, 450 líkpokar sem geymdir eru í flugskýli á Keflavíkurflugvelli. Jafnframt voru keyptir 80 líkpokar úr mjög sterku efni og með öflugum handföngum. Þessir pokar eru ætlaðir fyrir erfiðar aðstæður svo sem í fjalllendi og þar sem sigbúnaði þylu er beitt við aðgerðir. Einnig voru keyptir sérstakir líkpokar sem ætlaðir eru til notkunar í sjó og vötnum og verða þeir geymdir hjá köfunarhóp sársveitar ríkislögreglustjóra. Að auki var keyptur ýmis búnaður til að nota á vettvangi.

Tveir lögreglumenn í nefndinni sóttu á árinu ráðstefnu Interpol um auðkenningu fórnarlamba þar sem hörmungar hafa riðið yfir (e. Disaster Victim Identification). Einnig sátu tveir lögreglumenn og einn réttartannlæknir norrænan fund kennslanefnda sem haldinn var í Helsinki.

Fulltrúi embættis ríkislögreglustjóra og fulltrúi lögreglu á höfuðborgarsvæðinu sóttu námskeið norsku ríkisrannsóknarlögreglunnar (KRIPOS) í notkun Plassdata-forritsins sem er gagnagrunnur til að auðvelda störf kennslanefnda.

Á árinu 2016 komu sjö mál einstaklinga til úrlausnar hjá kennslanefnd. Í öllum þessum málum var auðkenning staðfest. Í þremur tilfellum var auðkenning staðfest með DNA-rannsókn en í hinum fjórum var auðkenning staðfest með tannfræðilegri rannsókn.

Skjalastýring og móttaka

Í janúar 2016 hófst nýr kafli í skráningu skjala í málafsn embættisins en þá samþykkti Þjóðskjalasafn Íslands rafræn skil á málafsn ríkislögreglustjóra. Öll gögn embættisins sem eiga sér rafrænan uppruna þarf ekki að prenta út og verður þar með skilað rafrænt til Þjóðskjalasafns. Loka þurfti öllum málum sem voru í vinnslu um áramótin 2015/2016 og stofna ný í rafrænu umhverfi. Þetta var sérstakt átaksverkefni fyrrihluta ársins. Breytingin kallaði á nákvæmari skráningu í skjalavistunarkerfinu Gopro.net. Því var lögð áhersla á að kynna þessar breytingar fyrir starfsmönnum bæði með kynningum á nýjum verklagsreglum og boðið var uppá námskeið í Gopro.net í samvinnu við Hugvit.

Stofnun mennta- og starfsþróunarseturs lögreglu

Embætti ríkislögreglustjóra var falið að starfrækja mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu þegar Alþingi samþykkti frumvarp um breytingu á menntun lögreglu þann 31. maí 2016. Breyting þessi átti sér nokkurn aðdraganda eða allt frá því 14. maí 2014 þegar Alþingi samþykkti frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum, nr. 90/1996, sem varð að lögum nr. 51/2014. Í samræmi við ákvæði til bráðabirgða í lögum skipaði innanríkisráðherra í kjölfarið starfshóp til þess að endurskoða skipulag og starfsemi Lögregluskóla ríkisins og gera tillögu að framtíðarskipan lögreglumenntunar. Starfshópurinn skilaði skýrslu 15. september 2014. Í lok febrúar 2015 var svo annar starfshópur skipaður til að endurskoða innihald lögreglunáms og var hlutverk hans m.a. að fara yfir innihald lögreglunáms hér á landi, bæði grunnnáms og sí- og sérmenntunar, og setja fram tillögur um með hvaða hætti efla mætti námið þannig að það tæki mið af þörfum samfélagsins.

Það var eindregin niðurstaða beggja starfshópanna, sbr. nánari umfjöllun hér á eftir, að færa skyldi lögreglumenntun á háskólastig en jafnframt að sérstök eining innan lögreglu hefði það hlutverk að sjá um tengingu fræðilegs og verklegs hluta námsins, sem og að sinna rannsóknar- og fræðslustarfi innan lögreglu. Leiddi þetta til þess að þann 31. maí 2016

samþykkti Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum, nr. 90/1996, sem varð að lögum nr. 61/2016.

Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu starfar innan embættis ríkislögreglustjóra og hlutverk þess eru m.a.:

- a. Að annast starfsnám nema í lögreglufræðum við háskóla, sbr. 38. gr., í samstarfi við háskóla,
- b. að hafa umsjón með símenntun lögreglumanna innan lögreglu,
- c. að annast skipulagningu og framboð sérhæfðra námskeiða, eftir atvikum í samstarfi við háskóla eða á grundvelli alþjóðasamstarfs,
- d. að vera stjórnvöldum til ráðgjafar um menntun lögreglumanna,
- e. að annast alþjóðasamskipti á vettvangi lögregluembættunar,
- f. að annast önnur verkefni er lúta að menntun og fræðslu lögreglu.

Mennta- og menningarmálaráðherra fól Háskólanum á Akureyri kennslu og rannsóknir á sviði lögreglufræða og hóf mennta- og starfsþróunarsetur strax að undirbúa skipulag starfsnám nemenda í lögreglufræðum í samráði við skólann. Á árinu 2016 var einnig unnið að ráðningu starfsmanna, leitað var að hentugu húsnæði og undirbúningi sérnáms lögreglumanna.

Rannsóknir og þróun.

Embætti ríkislögreglustjóra fylgist með þróun afbrota á landsvísu og eru tveir megin mælikvarðar notaðir til þess. Annars vegar eru teknar út tölur úr málaskrárkerfi lögreglunnar sem sýna brot sem eru tilkynnt/skráð hjá lögreglu. Hins vegar stendur embætti ríkislögreglustjóra í samvinnu við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu að könnun meðal almennings á reynslu landsmanna af afbrotum og í hve miklum mæli brot eru tilkynnt til lögreglu. Í sömu könnun er einnig spurt um viðhorf til lögreglu og öryggistilfinningu íbúa.


Í nóvember 2016 var gefin út skýrslan Afbrotatölfræði 2015 þar sem birtar voru staðfestar tölur um afbrot samkvæmt málaskrárkerfi lögreglu. Birt er greining eftir helstu brotaflokkum og lögregluembættum auk upplýsinga um magn fíkniefna sem lagt var hald á. Í töflu 7 má sjá brotaflokkana sem fjallað er um í skýrslunni.

Tafla 6. Fjöldi brota árið 2015 miðað við meðaltal áranna á undan, eftir helstu brotaflokkum.

Brotaflokkur	Meðaltal 2012-2014	2015	Bráðabirgðatölur 2016
Auðgunarbrot	5.992	6.082	5.452
Áfengislagabrot	681	672	659
Brot gegn friðhelgi einkalífs	587	740	919
Brot gegn valdstjórninni	326	361	338
Eignaspjöll	1.915	1.767	1.791
Fíkniefnabrot	2.186	1.911	1.903
Kynferðisbrot	490	442	505
Nytjastuldur	290	413	419
Ofbeldisbrot	1.189	1.587	1.637
Skjalafals	252	227	238

Í maí/júní var könnunin „Reynsla landsmanna af afbrotum og viðhorf til lögreglu“ lögð fyrir almenning. Niðurstöðurnar voru birtar í þremur skýrslum, I. Reynsla landsmanna af brotum, II. Viðhorf til lögreglu og III. Öryggistilfinning íbúa. Niðurstöður sýndu að um 36% landsmanna leituðu eftir þjónustu/aðstoð hjá lögreglu og af þeim voru 84% frekar eða mjög ánægð með samskiptin. Það er mjög svipað og árið áður.

Flestir höfðu orðið fyrir eignaskemmdum (18,7%), þá þjófnaði (8,5%) og innbroti (7,2%). Þá höfðu 4,5% íbúa orðið fyrir broti vegna viðskipta á netinu, um 2% orðið fyrir ofbeldisbroti og 2% kynferðisbroti.



Mynd 5. Hlutfall landsmanna sem hafði orðið fyrir eftirfarandi brotum á liðnu ári, spurt árin 2014, 2015 og 2016.

Um 39% þeirra sem höfðu orðið fyrir innbroti, 39% ofbeldisbroti og 33% þjófnaði tilkynntu það til lögreglu. Hlutfallslega færri tilkynntu um önnur brot. Hlutfallslega voru töluvert fleiri sem höfðu tilkynnt um kynferðisbrot en fyrri ár eða 10,3% miðað við 3% árið á undan. Skýrslurnar má finna á www.logreglan.is. Þetta árið voru gögn einnig greind sérstaklega fyrir lögregluembættin á landsbyggðinni sem geta nýtt greininguna í starfi sínu.

Starfsumhverfi og öryggistilfinning lögreglumanna

Könnun var lögð fyrir lögreglumenn í annað sinn þar sem spurt er um vinnuaðstæður, öryggistilfinningu, þjálfun og annað sem tengist starfi þeirra. Tilgangurinn með slíkri könnuninni er að hafa yfirsýn yfir þær starfsaðstæður sem lögreglumenn búa við svo bregðast megi við og bæta úr þar sem þörf er á.

Niðurstöður sýndu að meirihluti lögreglumanna eða um 55% taldi sig frekar eða mjög öruggan á dæmigerðum vinnudegi en 16% töldu sig hvorki örugga né óörugga.

Búnaður mælist mikilvægur fyrir öryggistilfinningu og þótti oftast í góðu ástandi af þeim þáttum sem spurt var um. Þjálfun mældist mjög mikilvæg en fram kom einnig að almennt vilja lögreglumenn meiri þjálfun. Mikill meirihluti lögreglumanna vill bera búkmyndavélar við störf sín og telur að slíkar vélar myndu hafa góð áhrif á störf lögreglu. Að lokum var spurt um starfsánægju lögreglumanna og mældist meirihluti þeirra ánægður með starf sitt en um 87% sögðust frekar eða mjög ánægð. Það er þó lægra hlutfall en árið áður þegar það mældist 95%.

Hluti af starfi deildarinnar á árinu var einnig líkt og áður að svara innlendum og erlendum fyrirspurnum sem tengjast fjölda afbrota eða störfum lögreglu, aðstoða lögregluembættin með bættu aðgengi að tölfræði og innleiðing á áhættumati fyrir ofbeldi í nánnum samböndum. Þá er haldið áfram samstarfi við ríkislögreglustjóra Norðurlandanna í tengslum við sameiginlega útgáfu á afbrotatölfræði. Síðast en ekki síst má nefna þátttöku í árlegum fundi afbrotavarnarráða Norðurlanda sem í þetta sinn var haldinn í Stokkhólmi. Á þeim fundi var ákveðið að næsti fundur, árið 2017, yrði haldinn á Íslandi.

Starfsmenn lögreglu

Fjöldi lögreglumanna við störf 1. febrúar 2016

Tafla 7. Fjöldi lögreglumanna 1. febrúar 2016, greindur eftir starfsstigi og embættum.

Umdæmi/embætti	Yfirlögregluþjónn	Aðstoðaryfirlögregluþjónn	Aðalvarðstjóri	Lögreglufulltrúi	Varðstjóri	Rannsóknarlögreglumaður	Lögreglumaður	Samtals starfandi lögreglumenn	Afleysingamaður	Héraðslögreglumaður	Alls
Lögreglustjórinn á Austurlandi	1	1	0	1	4	1	11	19	2	8	29
Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	4	11	10	21	46	84	114	290	0	0	290
Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra	2	0	1	1	10	5	19	38	2	5	45
Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra	2	0	0	0	5	0	8	15	2	8	25
Lögreglustjórinn á Suðurlandi	2	1	1	1	12	3	19	39		8	47
Lögreglustjórinn á Suðurnesjum	1	3	8	8	14	15	32	81	3		84
Lögreglustjórinn á Vesturlandi	3	0	0	2	8	2	18	33	1	12	46
Lögreglustjórinn á Vestfjörðum	1	1	1	1	4	1	8	17	3	6	26
Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum	1	0	0	1	4	0	5	11	0	0	11
Lögregluskóli ríkisins	2	0	0	4	0	0	0	6	0	0	6
Ríkislögreglustjóri	1	7	18	11	19	0	24	80	0	0	80
Héraðssaksóknari	2	0	0	15	0	0	0	17	0	0	17
Samtals	22	24	39	66	126	111	258	646	13	47	706

Tafla 8. Fjöldi lögreglumanna 1. febrúar 2016, greindur eftir starfsstigi og kyni.

Starfsstig	Karl	Kona	Samtals	Hlutfall karla	Hlutfall kvenna
Yfirlögregluþjónn	22	0	22	100,0%	0,0%
Aðstoðaryfirlögregluþjónn	21	3	24	87,5%	12,5%
Aðalvarðstjóri	37	2	39	94,9%	5,1%
Lögreglufulltrúi	55	11	66	83,3%	16,7%
Varðstjóri	119	7	126	94,4%	5,6%
Rannsóknarlögreglumaður	93	18	111	83,8%	16,2%
Lögreglumenn	198	60	258	76,7%	23,3%
Samtals	545	101	646	84,4%	15,6%
Héraðslögreglumaður	41	6	47	87,2%	12,8%
Afleysingarmaður	7	6	13	53,8%	46,2%
Samtals	593	113	706	84,0%	16,0%

Tafla 9. Fjöldi lögreglustjóra 1. febrúar 2016, greindur eftir starfsstigi og kyni.²

Starfstíll	Karl	Kona	Samtals	Hlutfall karla	Hlutfall kvenna
Ríkislögreglustjóri	1		1	100%	0%
Lögreglustjóri/Skólastjóri	6	4	10	60%	40%
Aðstoðarlögreglustjóri	2	0	2	100%	0%
Samtals	9	4	13	69%	31%

Fjöldi annarra starfsmanna 1. febrúar 2016

Tafla 10. Fjöldi annarra starfsmanna við störf 1. febrúar 2016, greindur eftir starfsstigi og kyni.

Starfstíll	Karl	Kona	Samtals	Hlutfall karla	Hlutfall kvenna
Fjármálastjóri/framkvæmdastjóri	2	0	2	100,0%	0,0%
Skrifstofustjóri/starfsmannastjóri/ mannauðsstjóri	0	3	3	0,0%	100,0%
Deildarstjóri	2	4	6	33,3%	66,7%
Aðstoðarsaksóknari	5	10	15	33,3%	66,7%
Löglærður fulltrúi	11	7	18	61,1%	38,9%
Sérfræðingur	21	12	33	63,6%	36,4%
Skrifstofumaður	4	51	55	7,3%	92,7%
Fangavörður	4	2	6	66,7%	33,3%
Ræsting	0	10	10	0,0%	100,0%
Landamæravörður	3	7	10	30,0%	70,0%
Umsjónarmaður	6	1	7	85,7%	14,3%
Samtals	58	107	165	35,2%	64,8%

² Héraðssaksóknari ekki talinn með.

Félagastuðningur og handleiðsla starfsmanna

Á árinu 2016 var félagastuðningur með hefðbundnum hætti hvað varðar fræðslustarf fyrir nemendur lögregluskóla ríkisins.

Öll lögregluembætti landsins starfa eftir verklagi félagastuðnings og ber að tryggja að hugað sé að starfsfólki og að haldnir séu viðrunarfundir í kjölfar streituvekjandi verkefna.

Stuðningur fagfólks er mikilvægur við félagastuðningskerfi lögreglunnar og árið 2016 var greidd sálfræðiþjónusta fyrir a.m.k. 93 starfsmenn lögreglu í gegnum félagastuðningskerfið.

Sálfræðingar sálfræðiþjónustunnar Líf og sál sinntu flestum viðtölunum samkvæmt samningi en lögreglumönnum er einnig heimilt að velja sér löggildan sérfræðing til að sækja viðtöl hjá. Síðastliðin ár hafa, auk sálfræðinga, geðlæknar, fjölskylduráðgjafar og prestar veitt lögreglumönnum stuðning í gegnum tilvísanakerfi félagastuðningsins sem er í umsjón sálfræðings embættis ríkislögreglustjóra.

Jafnréttismál lögreglunnar

Í október hittu jafnréttisnefnd lögreglunnar jafnréttisfulltrúa lögreglustjóraembættanna á sínum árlega fundi. Á fundinum var m.a. farið yfir stöðu jafnréttismála hjá embættunum, rætt um fagråd lögreglunnar, fengin kynning á rannsókn um upplifun lögreglukarla af vinnumenningu og kynjatengslum innan lögreglunnar og þá var aðgerðaráætlun jafnréttismála rædd og skoðuð.

Samvinna við kynjafræðiskor HÍ hélt áfram á árinu 2016 en í mars sama ár ákvað stjórn Nýsköpunarsjóðs námsmanna að styrkja verkefni Rannveigar Ágústu Guðjónsdóttur „Upplifun karla meðal lögreglumanna af vinnumenningu og kynjatengslum innan lögreglunnar“. Rannsóknin var unnin í samvinnu við embætti ríkislögreglustjóra, lögreglustjórann á höfuðborgarsvæðinu og lögreglustjórann á Suðurnesjum en í þessari rannsókn var sjónum beint að reynslu og upplifun karla meðal lögreglumanna til að fá sjónarmið þeirra þannig að hægt væri að vinna að tillögum til úrbóta. Þá ákvað stjórn Jafnréttissjóðs Íslands að samþykkja styrk til verkefnisins „Áskoranir og hindranir í jafnréttisstarfi hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu“. Helstu samstarfsaðilar verkefnisins eru Mark - Miðstöð margbreytileika og kynjarannsókna við Háskóla Íslands, lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, embætti ríkislögreglustjóra og innanríkisráðuneytið. Meginmarkmið rannsóknarinnar er að auka þekkingu á stöðu og þróun jafnréttismála innan starfsmannaþáttar embættis lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, miðla þekkingunni og leggja traustan grunn að markvissri stefnumótunarvinnu í jafnréttismálum innan embættisins. Gert er ráð fyrir að verkefninu ljúki í september 2017.

Þá var áfram unnið að aðgerðaráætlun í jafnréttismálum. Síðareglur lögreglunnar voru endurútfærnar í febrúar 2016 og aðgerðaráætlanir

Lögregluembættanna til að styðja við konur sem starfa sem lögreglumenn í sinni starfsþróun voru birtar í árlegri samantekt jafnréttismála lögreglunnar í júní 2016.

Hér eru þær aðgerðir sem áfram er unnið að.

- vinna við feril um mannauðsmál í rafrænni upplýsingaöflun
- unnið að samræmingu vinnu og fjölskyldu hjá starfsmönnum lögreglunnar.

Viðburðir, ráðstefnur og erlent samstarf

1. **Árlegur fundur yfirmanna sérsveita á Norðurlöndum, á Íslandi í mars.** Mikilvægur vettvangur fyrir sameiginleg málefni sérsveitanna á sviði þjálfunar, búnaðar og skipulags. Tveir fulltrúar sérsveitar sóttu fundinn.
2. **Námskeið í Austurríki og Swiss í apríl.** Námskeið til viðhalds og úttekta á vopnum sérsveitar og lögregluvopna hjá lögregluembættum á landinu. hjá fjallaði um mannfjöldastjórnun og skipulag og stjórnun stórra viðburða. Tveir fulltrúar sérsveitar sóttu námskeiðið.
3. **CEPOL-námskeið í Svíþjóð í mars.** Námskeið í samningatækni/fortöllum. Einn fulltrúi sérsveitar sótti námskeiðið.
4. **Kynnisferð til Bandaríkjanna í apríl.** Kynnisferð til lögreglunnar í Chicago og Ford bílaverksmiðjunnar vegna fyrirhugaðrar endurnýjunar á vaktbifreiðum sérsveitar. Tveir fulltrúar sérsveitar fóru í kynnisferðina.
5. **Kynnisferð til lögreglunnar í Kaupmannahöfn í ágúst.** Kynnisferð til tæknideildar lögreglunnar í Kaupmannahöfn. Ferðin var farin í samstarfi við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu. Einn fulltrúi sérsveitar tók þátt í kynnisferðinni.
6. **Námskeið í Slóvakíu í júlí.** Námskeið á vegum EUROPOL um sprengjueyðngu. Einn fulltrúi sérsveitar sótti námskeiðið.
7. **Æfingin Cold response í Noregi í mars.** Undirbúningur fyrir heræfingu NATO sem haldinn verður í október 2018 þar sem Ísland er þátttakandi. Einn fulltrúi sérsveitar sótti æfinguna.
8. **Námskeið í Póllandi í október.** Námskeið í samningatækni/fortöllum. Einn fulltrúi sérsveitar sótti námskeiðið.
9. **Námskeið í Danmörku í september.** Samnorrænt námskeið í samningatækni/fortöllum. Tveir fulltrúari sérsveitar sóttu námskeiðið.
10. **Námskeið í Svíþjóð í nóvember.** Námskeið um stjórnun og samhæfingu aðgerða sérsveita þegar sérsveitit undir ATLAS samstarfssamningnum starfa saman í aðgerðum. Tveir fulltrúar sérsveitar sóttu námskeiðið.
11. **Samnorrænir fundir um samstarf almennrar lögreglu á Norðurlöndunum (NOFOPS).** Sóttir voru fimm fundir þar sem fjallað var um samvinnu almennrar löggæslu á sviði áætlanagerðar, tækjabúnaðar lögreglu og fl. NOFOPS er samráðsvettvangur yfirmanna lögreglu á Norðurlöndum en þar er fjallað um ýmis mál tengd samstarfi lögregluliða.
12. **Námskeið í Finnlandi í september.** Þjálfun í sameiginlegri aðferðarfræði sérsveita ATLAS þegar um roftækni er að ræða. Einn fulltrúi frá sérsveit sótti námskeiðið.
13. **Námskeið í Þýskalandi í júní.** Námskeið um bráðameðferð slasaðra og aðferðarfræði í skyndihjálpi. Tveir fulltrúari sérsveitar sóttu námskeiðið.
14. **Námskeið í Bretlandi í október.** Námskeið fyrir skotþjálfara lögreglu haldið af

sérsvait bresku lögreglunnar. Tveir fulltrúari sérsvaitar sóttu námskeiðið.

15. **Fundir yfirmanna ATLAS í apríl og október.** Árlegir fundir yfirmanna ATLAS haldnir í Rúmeníu og Portúgal. Einn fulltrúi sérsvaitar sótti fundina.
16. **Ráðstefna hjá INTERPOL í janúar.** Ráðstefna um “Global Counter Nuclear Smuggling” haldin í höfuðstöðvum INTERPOL í Frakklandi. Einn fulltrúi frá sérsvait og einn frá greiningardeild sóttu ráðstefnuna.
17. **Kynnisferð til Politidirektoratet í Osló í júní.** Kynnisferð til nýrra höfuðstöðva Politidirektoratet í Osló. Tveir fulltrúar sérsvaitar fóru í þessa kynnisferð.
18. **Námskeið í Noregi í ágúst/september.** Námskeiðið fjallaði um rannsóknir hryðjuverkamála.
19. **Námskeið í Bandaríkjunum í apríl.** Námskeið fjallaði um hryðjuverkamálefni.
20. **Námskeið í Danmörku í september.** Námskeiðið fjallaði um rannsóknir hryðjuverkamála.
21. **Ráðstefna í Danmörku í október.** Ráðstefna greiningarsérfræðinga sem var samvinnuverkefni Evrópulögreglunnar (Europol) og dönsku lögreglunnar.
22. **Norrænn fundur um vitnavernd, haldinn á Íslandi.** Á þessum fundi var rætt það sem hæst ber í vitnaverndarmálum á Norðurlöndunum.
23. **Norrænn fundur greiningarsérfræðinga lögreglu og tollgæslu um skipulagða brotastarfssemi,** haldinn í Noregi í apríl. Á fundinum var farið yfir þau málefni og brotaflokkar sem tollgæsla og lögregla á Norðurlöndum telja að leggja þurfi áherslu á í samstarfinu.
24. **Norrænn fundur um samstarf rannsóknadeilda lögreglu og tollgæslu á Norðurlöndunum sem rannsaka skipulagða glæpastarfssemi,** haldinn í Svíþjóð í desember. Fundurinn fjallaði um baráttu lögreglu og tollgæslu gegn skipulagðri glæpastarfssemi.
25. **Norrænn fundur ríkislögreglustjóra í Finnlandi í nóvember.** Fundurinn fjallaði um ýmsar áskoranir sem fylgja landamæragæslu og miklum straumi flóttafólks. Einnig var fjallað um hryðjuverkaógnina í Evrópu.
26. **Samstarfshópur lögreglu í Evrópu um varnir gegn hryðjuverkum. Fundur haldinn í Tékklandi í nóvember.** Um er að ræða samstarf 31 þjóðar auk Europol á vettvangi varna gegn hryðjuverkum. Markmiðið er að efla bein tengsl Evrópuþjóða á sem skilvirkastan hátt.
27. **Námskeið um rannsóknir tölvuglæpa, haldið á Íslandi í september.** Námskeið á vegum FBI í samvinnu við greiningardeild RLS. Námskeiðið sóttu 20 lögreglumenn víðs vegar af landinu.
28. **Fundur hjá Evrópulögreglunni (Europol) um tölvuglæpi í maí.** Vinnuhópur sem kallast „Focal Point Cyborg“ og fjallar um aðgerðir gegn tölvuglæpum.
29. **Vinnustofa FRONTEX vegna framkvæmdar hættumats vegna ólöglegra fólksflutninga fór fram í Póllandi í júní.** Starfsemi og aðferðarfræði greiningardeildar varðandi áhættumat vegna landamæra var kynnt á fundinum. Var þar um að ræða fyrstu vinnustofu af þessari tegund og er hugsunin sú að fá að borðinu sérfræðinga og greinendur og aðra þá sem koma að gerð

hættugreininga vegna Schengen-úttektar 2017.

30. **Ráðstefna á vegum Evrópulögreglunnar (Europol), í Hollandi í september.** Ráðstefnan var vegna kynningar á starfsemi deildar innan Europol, EU Internet Referral Unit (IRU). Deildin sér um að leita uppi á internetinu og deila til viðkomandi ríkja Evrópusambandsins opnum umræðum um hryðjuverk, hvatningu öfgahópa/einstaklinga til hryðjuverka og hatursumræðu öfgahópa.
31. **Norðurlandafundur Öryggisstjórnvalda (NSA) og flutningsþjónustu (NDA).** Fundurinn var um samninga og samræmingu öryggisráðstafana varðandi miðlun trúnaðargagna.
32. **Námskeið á vegum samgöngustofu í samvinnu við Transport Security Administration (TSA) í Bandaríkjunum.** Kennð var gerð áhættumats fyrir flugvelli.
33. **Norræn fundur um vinnuumhverfi lögreglunnar, í Finnlandi í september.** Sameiginlegur vettvangur til að ræða mannauðsmál innan lögreglunnar á Norðurlöndunum.
34. **Norræn fundur um vinnuumhverfi lögreglunnar, í Finnlandi í september.** Sameiginlegur vettvangur til að ræða mannauðsmál innan lögreglunnar á Norðurlöndunum.
35. **Jarðskjálftaráðstefna á Húsavík 31. maí – 3 júní.** Fulltrúar almannavarnadeildar sóttu alþjóðlega ráðstefnu á Húsavík, en markmið ráðstefnunar var að taka stöðuna á jarðskjálftum á Norðurlandi, orsökum þeirra og eðli. Sérstaklega voru skoðaðar hagnýtar rannsóknarniðurstöður og aðgerðir til að draga úr tjóni vegna stórra jarðskjálfta sem gætu orðið á svæðinu.
36. **Norrænn fundur um umferðaröryggismál (SANT) í Osló dagana 25.-26. ágúst 2016.**
37. **Undirbúningsfundur vegna Schengen úttektarinnar, SchEval 2017, í Brussel 29. nóvember 2016.**
38. **Vinnustofa hjá Landamærastofnun Evrópu, Frontex, í Varsjá dagana 20.-24. júní 2016 til undirbúnings vegna Schengen úttektar árið 2017.**
39. **Norrænn fundur NORDCOP samstarfssins var haldinn á Íslandi í september.** NORDCOP samstarfið er vinnuhópur sem starfar eftir umboði skólastjóra Norrænu lögregluskólanna. Þátttakendur voru frá lögregluháskólum Noregs og Finnlands, danska lögregluskólanum og sænska ríkislögreglustjóranum, auk íslensku fulltrúanna frá mennta- og starfsþróunarsetri lögreglunnar og Háskólanum á Akureyri. Alls eru fimm samstarfsverkefni á milli menntastofnananna sem snerta þjálfun á sviði aðgerða lögreglu, tölvubrot, hatursglæpa, ofl.
40. **Fundur samstarfsaðila Háskólans í Portsmouth um skýrslutökur fór fram í Portsmouth í febrúar.** Embætti ríkislögreglustjóra hefur gert samstarfssamning við setur Portsmouth háskóla á sviði rannsóknarviðtala. Á fundi þessum komu saman samstarfsaðilar víða að til að miðla upplýsingum um aðferðir til að bæta viðtalstækni. Fulltrúi rannsóknar og þróunareiningar embættisins sótti fundinn.
41. **Tengslafundur hjá Evrópska lögregluskólanum (CEPOL National Contact Point) í Budapest í September.** Embætti ríkislögreglustjóra skrifaði undir

samstarfssamning við CEPOL á árinu 2016 sem veitir starfsmönnum lögreglu aðgang að námsframboði CEPOL. Ísland sendir fulltrúa sinn tvisvar á ári til

42. **CEPOL-námskeið, European Medical and Psychological Experts' Network for Law Enforcement (EMPEN), í Lyon í Frakklandi í nóvember.** Ísland sendi tvo sálfræðinga ríkislögreglustjóra til að kynna aðferðir íslensku lögreglunnar til að draga úr streitu á starfsmenn og bregðast við þeim áfallaaðstæðum sem lögreglumenn verða fyrir í störfum sínum.

Summary in english

- The National Commissioner of the Icelandic Police had a staff of 131, thereof 96 policemen and 35 civil staff at the end of 2016.
- The number of employed policemen in Iceland on the 1st of February 2016 was 646, thereof were 101 women. The number of civil staff was 165, thereof were 107 women.
- The Icelandic Police owned 133 vehicles, seven fewer than in 2015. The total of 3.340.416 kilometers were driven by the Icelandic police in the year 2016. That is slightly less than the year before.
- Tablets in police cars were 30 in total by the end of 2016. The software for the tablets was developed in the year 2016.
- The National Commissioner of Police and the District Commissioner of Police in South Iceland declared a Civil Protection Uncertainty phase due to seismic unrest in Katla volcano in Mýrdalsjökull. The contingency plan for an eruption in Mýrdalsjökull was activated accordingly. The seismic unrest was over stopped after two weeks and the uncertainty level was lifted.
- In 2016 alert phases were declared 14 times by the Civil Protection in Iceland.
- In 2016, 412 specific tasks and 2.294 general tasks were registered for the Counter Terrorist Intervention Unit (CTIU). The general tasks mainly included arrests, domestic violence and surveillance.
- A support unit was established in 2016 and the main tasks for the support unit are related to deportation and transport of foreigners.

